



Varðandi: Breyting á opnunartíma þjónustuvers bæjarskrifstofunnar
Málsnúmer: 1811107
Dagsetning: 27.02.2019

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að breyta opnunartíma þjónustuvers bæjarskrifstofunnar frá 18. mars 2019. Breyting væri fyrst um sinn tilraun til og með 31. desember 2019 og fyrir þann tíma yrði opnunartíminn endurmetinn og framtíðarákvörðun tekin m.v. reynslu tilraunarinnar.

Núverandi opnunartími þjónustuvers:

- Alla virka daga frá kl. 9:30-12:00 og 12:30-15:30. Lokað í hádeginu.

Tillaga um breytingu á opnunartíma frá 18. mars 2019:

- Mánud.- fimmtud. frá kl. 9:00-15:00 og föstud. frá kl. 9:00-14:00. Opið í hádeginu.
-

GREINARGERÐ: Undirrituð leggur til að farið verður af stað með tilraunaverkefni um breytingu á opnunartíma þjónustuvers bæjarskrifstofunnar. Miðað við núverandi opnunartíma er opið í 5½ klukkustund á dag og lokað í hádeginu. Samtals er því opið í 27½ klukkustund á viku. Tillagan felur í sér þá breytingu að opið yrði í 6 klukkustundir á dag frá mánudegi til fimmtudags og á föstudögum í 5 klukkustundir. Samtals væri því opið í 29 klukkustundir á viku sem er aukning um 1 ½ tíma miðað við núverandi opnunartíma.

Forsendur og rök fyrir tillögunni er einkum eftirfarandi: Í fyrsta lagi telur undirrituð og starfsfólk þjónustudeildar að tímabært sé að auka þjónustustigið gagnvart bæjarbúum með því að hafa opið í hádeginu, en margir nýta þann tíma til að útrétta og sinna erindum af ýmsum toga. Einnig er talið nauðsynlegt að opna fyrr þar sem fundarhöld og viðtöl í húsinu hefjast oftast um níu leytið og því æskilegt að móttakan sé opinn á þeim tímamarki. Hvað varðar styttri opnunartíma á föstudögum, eru þeir sérstakir á skrifstofunni og mjög gjarnan nýttir til námskeiðshalda, samráðsfunda, til að sækja ráðstefnur og orlofstöku. Oft er því fámenn á þessum vikudegi og þjónusta í raun takmörkuð utan þeirra svara og aðstoðar sem unnt er að veita í þjónustuverinu.



Akraneskaupstaður

Í öðru lagi hafa störf starfsmanna deildarinnar breyst umtalsvert og töluvert af tímanum fer í innri þjónustustörf til starfsmanna á bæjarskrifstofunni og forstöðumanna stofnanna. Nýting viðveru starfsmanna utan opnunartíma en innan dagvinnumarka er því mjög dýrmæt með tilliti til afkasta. Þá munu föstudagar einnig nýtast deildinni vel til samráðsfunda og námskeiðshalda líkt og gildir um margar aðrar starfseiningar innan skrifstofunnar og þá unnt að koma slíku við án viðbótarútgjalda vegna afleysingar. Þegar slík tilvik hafa komið hefur það stöku sinnum verið leyst með kaupum á afleysingu frá Ritara en þörfin minnkar enn frekar með þeirri tilhögun sem hér er lögð til.

Sé litið til annarra sveitarfélaga sem Akraneskaupstaður ber sig gjarnan saman við er opnunartíminn þar sem hér segir:

- **Borgarbyggð:** Alla virka daga frá kl. 9:30-12:00 og 12:30-15:00.
- **Hveragerði:** Afgreiðsla opin alla virka daga frá kl. 10:00 -15:00 og sími opinn frá kl. 9:00-16:00.
- **Árborg:** Mánudag til föstudags. frá kl. 10:00 -16:00. (Bæjarráð samþykkti nýlega breytingu. Opið var áður mánudag til og með fimmtudags frá kl. 8:00 -16:00 og til kl. 15:00 á föstudögum. Tilraunaverkefni stendur til og með 31. maí nk.).
- **Hafnarfjörður:** Alla virka daga frá kl. 8:00-16:00.
- **Reykjanesbær:** Alla daga frá kl. 9:00-16:00.
- **Mosfellsbær:** Mánudag, þriðjudag og fimmtudag frá kl. 8:00-16, miðvikudag 8:00-18:00 og föstudag 8:00-14:00.

Með þessari tilraun að breytingu á opnunartíma telur undirrituð að framleiðni starfsmanna deildarinnar verði meiri og hægt verði að þróa störfin enn frekar í meiri sértækari verkefni þar sem svigrúm væri fyrir endurmenntun og námskeiðshald. Jafnframt telur undirrituð að þjónustustig til íbúa og annarra þjónustuþega verði hærra með því að hafa opið hádeginu og opna fyrir á morgnanna.

27. febrúar 2019

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir
verkefnastjóri.